

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 218/2018**

2021/EES/21/11

frá 26. október 2018

**um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/750 frá 22. maí 2018 um leiðréttingu á pólsku útgáfunni af reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0750:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/750 frá 22. maí 2018 (Stjtíð. ESB L 126, 23.5.2018, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/750, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 126, 23.5.2018, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.